Fundargerð samráðshóps SSH um velferðarmál – 51. fundur 2026

Dagsetning fundar: 7. október 2026

Tímasetning fundar: 8:30

Fundarstaður: Hamraborg 9.

Viðstaddir: Rannveig Einarsdóttir, formaður, (Reykjavík), Baldur Pálsson (Seltjarnarnesi), Guðlaug Ósk Gísladóttir (Hafnarfirði), X (Kópavogi), María Kristjánsdóttir (SÍS), Svanhildur Þengilsdóttir (Garðabæ) og Styrmir Erlingsson (Mosfellsbæ).

Dís Sigurgeirsdóttir (Reykjavík) ritaði fundargerð.

Gestir: Katrín Harpa Ásgeirsdóttir (Reykjavík), Jón Kristján Rögnvaldsson og Atli Sturluson (Kópavogi), Andrea Marel.

1. Samningur geðheilsuteyma og sveitarfélaga

Málinu frestað.

2. Farsæld barna

Rætt var um fyrirhugaða skerðingu ríkisframlaga til sveitarfélaga vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Talið var brýnt að bóka um málið á vettvangi hópsins og senda bókun til mennta- og barnamálaráðuneytis og félagsmálaráðuneytis. Einnig rætt um styrki til sveitarfélaga í þágu farsældar barna.

Bókun:

> Fulltrúar samstarfshóps SSH um velferðarmál lýsa þungum áhyggjum af fyrirhugaðri skerðingu ríkisframlaga til sveitarfélaga vegna innleiðingar laga um samþættingu þjónustu í þágu farsældar barna. Innleiðing laganna er umfangsmikið og viðvarandi verkefni sem hefur kallað á verulega uppbyggingu þjónustu, aukið samstarf og nýtt verklag innan sveitarfélaganna. Þótt mikilvæg skref hafi verið stigin er innleiðingu laganna hvergi nærri lokið. Á sama tíma liggur ekki fyrir fullnægjandi mat á raunverulegum kostnaði sveitarfélaga eða þeim árangri sem náðst hefur. Það er því ótímabært að draga úr fjármögnun verkefnisins. Fulltrúarnir leggja áherslu á að ríkið standi við þá ábyrgð sem því ber á fjármögnun lögbundinna verkefna. Skorað er á stjórnvöld að tryggja áframhaldandi og fyrirsjáanlega fjármögnun innleiðingar farsældarlaganna og að árlegt 1,1 milljarðs króna framlag verði viðhaldið þar til heildstætt mat á innleiðingu laganna, kostnaði sveitarfélaga og þörf fyrir varanlega fjármögnun liggur fyrir. Farsæld barna verður ekki tryggð með breyttu verklagi og aukinni samhæfingu einni saman. Til þess þarf einnig að tryggja að nauðsynleg þjónusta og úrræði séu til staðar og að sveitarfélög hafi raunhæfar fjárhagslegar forsendur til að sinna þeim skyldum sem lögin leggja þeim á herðar.

Niðurstaða: Bókun fer til stjórnar SSH sem tekur málið áfram.

Fylgiskjal: Styrkir til sveitarfélaga í þágu farsældar barna.

3. Púlsinn – kynning

Andrea Marel teymisstjóri Púlsins kynnti stöðu Púlsins og verkferla teymisins. Alls hafa borist 55 erindi og fyrirspurnir af ýmsu tagi. Dreifing mála milli sveitarfélaga er sögð jöfn miðað við höfðatölu. Málin skarast oft og samstarf innan hópsins er náið.

Teymið hóf störf í lok apríl. Erindi berast oftast frá skólum en einnig frá lögreglu eða öðrum aðilum. Atvik eru metin sameiginlega og kannað hvort aðkoma Púlsins bæti einhverju við. Að fengnu munnlegu samþykki forsjáraðila er rafrænt eyðublað fyllt út og undirritunar aflað. Í kjölfarið er haft samband við tilvísanda og forsjáraðilar heimsóttir. Barnið er oftast með. Samráð er haft við ábyrgðaraðila sveitarfélagsins eða tengilið í skóla, eftir stöðu máls.

Púlsinn hefur komið að málum þar sem önnur þjónusta er þegar virk, meðal annars vegna atvika í Mjódd. Aðkoma teymisins er þá metin út frá því hvort hún bæti við þá vinnslu sem þegar fer fram. Samstarf fagaðila, foreldra og samfélagslögreglu hefur gengið vel.

Áskoranir felast meðal annars í flutningi barna milli sveitarfélaga áður en máli lýkur og í töfum þegar mál flytjast frá barnavernd til félagsþjónustu. Flæði milli þjónustustiga er ekki talið nægilega gott og mál geta stigmagnast hratt. Stýrihópur, með fulltrúum allra sveitarfélaga, fundar mánaðarlega. Akranes tengist verkefninu að einhverju leyti og Ísafjörður undirbýr sambærilegt teymi í minna sniði og hefur óskað eftir samstarfi.

4. NPA – umfjöllun um nýjar reglur

Áform um breytingar á reglum um NPA voru rædd. Fulltrúar voru sammála um áformin og munu ræða þau í sínu baklandi. Einnig var bent á fyrirhugaðar breytingar á reglum í Noregi og mikilvægi þess að fylgjast með þeirri vinnu.

Niðurstaða: Halda áfram samstarfi milli sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæðinu. Málið er á dagskrá stjórnar SSH á næsta fundi.

5. Álit Persónuverndar um öflun Reykjavíkurborgar á persónuupplýsingum um notendur NPA

Fram kom að úrskurður Persónuverndar liggi fyrir um að ekki sé heimilt að óska eftir staðfestingum á starfsmannakostnaði. Borgarlögmaður er að skoða hvort taka þurfi málið áfram.

Niðurstaða: Fylgjast með niðurstöðu borgarlögmanns.

6. Gjald vegna yfirsetu á Landspítala – samræming gjalds

Ráðgjafahópur hafði málið til umfjöllunar og átti að skila gögnum til samráðshópsins. Fram kom að Jóhanna á Seltjarnarnesi og Jón Kristján frá Kópavogi væru í hópnum.

Niðurstaða: Katrín Harpa kallar eftir gögnum ráðgjafahópsins og staðfestir hver er formaður hans. Málið tekið fyrir á næsta fundi.

7. Samræmd móttaka – ákvörðun um næstu skref

Flest sveitarfélög eru að undirbúa tillögur fyrir velferðarnefndir. Gert er ráð fyrir að fjöldi flóttafólks í þjónustu samkvæmt samningum muni lækka. Rætt var hvað ráðuneytið hyggist gera þegar flóttafólki fækkar og lýst áhyggjum af því að þjónustan færist í auknum mæli á höfuðborgarsvæðið þegar ekki verða lengur gerðir samningar við sveitarfélög á landsbyggðinni.

Niðurstaða: Fylgjast með þróun málsins næstu vikur.

8. Stafræn þróun

Niðurstaða: Umfjöllun var frestað til næsta fundar. Boða fulltrúa frá félags- og húsnæðismálaráðuneytinu og Þórdísi Sveinsdóttur, sviðsstjóra þróunarsviðs hjá SÍS, á næsta fund.

9. Akstursþjónusta á höfuðborgarsvæðinu – Pant og framtíðin

Stutt er í að gildandi samningar renni út og Pant og Strætó eru ekki lengur saman. Rætt var hvort sveitarfélögin hyggist halda áfram með Pant. Starfshópur hefur skilað skýrslu til borgarstjóra og var hún kynnt í borgarráði. Þar koma fram nokkrar sviðsmyndir. Talið er mikilvægt að skilgreina hvaða þjónustuþættir eigi að fylgja mögulegu útboði.

Fram kom að gæði þjónustunnar séu mikil og að símaver Pant hafi kortlagt notendahópinn og raði notendum í bíla. Pant sinnir einnig skólaakstri fatlaðra barna. Notendur sækja sjálfir um þjónustu en skólastjórar sækja um fyrir börn. Reykjavíkurborg greiðir hlutfallslega meira en önnur sveitarfélög. Hafnarfjörður er með Teit; þjónustan þar er sögð misjöfn en vel sé tekið á málum þegar atvik koma upp.

Niðurstaða: Boða Jóhannes Svavar Rúnarsson hjá Pant á næsta fund með kynningu.

10. Þingmálaskrá 2026–2027 – fyrirhugaðar breytingar á félagsþjónustulögum

Rætt var um fyrirhugaðar breytingar á lögum nr. 40/1991. Meðal atriða eru lögfesting samræmdrar grunnskráningar og samræmt grunnmat í félagsþjónustu, líklega WHODAS. Einnig stendur til að lögfesta samræmda móttöku. Fram kom að ekki væri um heildarendurskoðun laganna að ræða.

Niðurstaða: María Kristjánsdóttir sendir upplýsingar um málið til fundarmanna.

11. Úrræði fyrir börn með fjölþættan vanda – Klettabær og uppsagnir

Rætt var um breyttar áherslur þegar einstaklingar ná 18 ára aldri. Þá er aflað upplýsts samþykkis um hvort viðkomandi vilji vera áfram í þjónustu. Jafnframt hefur samningum verið sagt upp. Í tilraunaverkefni Reykjavíkurborgar búa þrír einstaklingar saman eftir 18 ára aldur. Fram kom að stuðningsþarfir þeirra hafi minnkað verulega og að þau séu að læra að fóta sig í lífinu.

Fram kom að starfsemi Klettabæjar hafi dregist saman og rekstrarleg óvissa. María Kristjánsdóttir greindi frá nýrri reglugerð um búsetu.

Niðurstaða: Fylgst áfram með stöðunni.

12. Verndaðir vinnustaðir fyrir fatlað fólk – þjónusta og kostnaður

Rætt var um kostnað við þjónustuna. Reykjavíkurborg er með samning við Ás og fram kom að þjónustan þar kosti ekki meira en sambærileg þjónusta hjá Reykjavík. Reykjavíkurborg innheimtir nú fæðisgjald en kostnaðurinn er niðurgreiddur.

Vinnumálastofnun metur hvort einstaklingur fari í AMS (atvinnu með stuðningi). Talið var að skýra og bæta þyrfti ferilinn með Vinnumálastofnun. Bent var á að um vinnumarkaðsmál væri að ræða og að ábyrgð ríkisins þyrfti að vera skýr, þótt sveitarfélög reki jafnframt verndaða vinnustaði. Vísað var til skýrslu um húsnæði við hæfi.

Niðurstaða: Skýra þarf og bæta verkferil með Vinnumálasofnun vegna AMS. Verkefnið er Vinnumálastofnunar en samstarf þarf við sveitarfélögin.

13. Hjúkrunarþjónusta við fólk í búsetu

Rætt var um tilraunaverkefni í Skálatúni sem tengist hjúkrunarheimili og hjúkrunarþörfum, samþætta heimaþjónustu í Mosfellsbæ og samning Eirar við Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Fram kom að Eir eigi að meta hjúkrunarþarfir fólks í búsetu.

Lýst var áhyggjum af því að fólk í búsetu sé með miklar hjúkrunarþarfir og að starfsfólk sveitarfélaga, þar á meðal ófaglært starfsfólk, sinni verkefnum á borð við uppsetningu þvagleggja, sondu og öndunarvéla. Vísað var til skýrslu HLH ráðgjafar um málið. Rætt var um hvert einstaklingar ættu að leita ef þeir væru metnir með of miklar þarfir fyrir þjónustu Eirar.

Grá svæði milli ríkis og sveitarfélaga hafa verið til umræðu árum saman. Talið var að skortur væri á úrskurðarvettvangi þegar ágreiningur er um ábyrgð og að þörf væri á matsnefnd á landsvísu.

Niðurstaða: Vinna þarf þetta mál áfram í samtali við ríkið. Ræða þarf lausnir s.s. matsnefnd á landsvísu.

14. Önnur mál

-Ný auglýsing um styrki til verkefna í þágu farsældar barna var kynnt. Fram kom að Púlsinn þyrfti að sækja um fyrir áframhaldi hvort sem það yrði gert nú eða á næsta ári.

Niðurstaða: Vekja athygli teymisstjóra Púlsins á umsóknarfresti.

-Mosfellsbær greindi frá Úlfinum, frístundaheimili fyrir fötluð börn. Fyrirhugað er að sameina þjónustuna í nýtt úrræði sem felur í sér félagsmiðstöð/frístundaúrræði samkvæmt 26. gr. og frístundaþjónustu. Markmiðið er að fleiri börn séu saman, með færra starfsfólki og meiri tengingu milli barnanna. Úlfurinn þjónar börnum frá 5. bekk til 20 ára aldurs eða framhaldsskólaaldurs.

Kópavogur er með sambærilegt úrræði vegna langrar biðar eftir stuðningsþjónustu. Höfuðborg er úrræði fyrir framhaldsskólabörn í Roðaborg og mun veita helgarstuðning fyrir fimm börn í tveimur hópum. Úrræðinu er ætlað að stytta biðlista og draga úr þörf fyrir einstaklingsbundna liðveislu. Fram kom að hægt sé að sækja um framlag úr Jöfnunarsjóði vegna þjónustunnar.

Niðurstaða: Verkefnin eru góðar fyrirmyndir að uppbyggingu frístundastarfs fyrir fötluð börn í stað einstaklingsbundinnar liðveislu.

Fundi slitið kl. 10:50.